



# BÆRINN OKKAR

Sjálfstæðisfélag Keflavíkur

1. árgangur • 1. tölublað 2005



*Kæru bæjarbúar,  
Gledilegt nýtt ár!*

## SKÖPUM FYRIRMYNDARSVEITARFÉLAG

Felstir eru sammála um að ákveðnir þættir verða að vera til staðar í sveitarfélögum til þess að sem flestum íbúum líði vel og sjái framtíð sína þar. Við sjálfstæðismenn í Reykjanesbæ höfum lagt kapp á að styrkja þá ellefu þætti sem mestu skipta og hér skulu nefndir:

### MENNTUN

Góðir leikskólar, grunnskólar, fjölbrautaskóli, símenntunatækifæri, fjarnám á háskólastigi og Íþróttakademían skapa öflugt menntaumhverfi í Reykjanesbæ. Nálægð við höfuðborgarsvæðið skapar íbúnum einnig góð tækifæri til menntunar.

### ATVINNA

Fjölbreytileg atvinnutækifæri bjóðast í Reykjanesbæ og enn fleiri tækifæri eru í mótun. Auk tækifæra sem skapast í þjónustu við 11 þúsund íbúa má nefna uppbyggingu Iðngarða í Helgúvík, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, hjúkrunarheimili, fjölþætta þjónustu alþjóðaflugvallarins, Íþróttakademíu, miðstöð varna landsins, uppbyggingu á vegum Hitaveitu Suðurnesja, ný tækifæri í ferðaþjónustu ofl. ofl.

### UMHVERFI

Nútiminn kallar á aukin gæði í umhverfi íbúa. Áhersla er lögð á að snyrta umhverfið og auka öryggi þess, s.s. í umferð akandi og gangandi vegfarenda. Þúsundir tonna af brotajárni hafa verið fjarlægð úr bæjarlandinu og gróðurækt aukin. Þá hefur verið unnið að því að styrkja sjóvarnir og snyrta og bæta aðkomu að bænum.

### GOTT ÖRYGGISNET

Reykjanesbær leggur áherslu á að þeir sem verða undir í heilsu og aðbúnaði njóti stuðnings til sjálfshjálpar og mannsæmandi lífs.

### AUÐVELT AÐ SÆKJA ÞJÓNUSTU

Áhersla er lögð á greiðar samgönguleiðir í bænum. Við "Lífæðina" sem liggur frá Innri Njarðvík eftir Njarðarbraut og Hafnargötu að grófinni í Keflavík er sköpuð falleg samgönguleið með fjölþættum þjónustutilboðum. Reykjanesbær er eina sveitarfélagið á Íslandi sem býður

ókeypis almenningsamgöngur innanbæjar.

### LÁG GLÆPATÍÐNI

Öll samfélög þurfa að leggja áherslu á að öryggis íbúa sé vel gætt og að í samfélaginu séu sem fæst tilvik þjónaða og líkamsárása. Þótt löggæsla sé ekki í verkahring sveitarfélaga býr Reykjanesbær að góðu samstarfi við lögreglu-yfirvöld á svæðinu um fræðslu og fyrirbyggjandi aðgerðir.

### LIPUR STJÓRNSÝSLA

Íbúar þurfa að eiga greiðan aðgang að stjórnsýslunni og njóta skjótrar og góðrar þjónustu. Reykjanesbær hefur undanfarið ár tekið þátt í samræmdu alþjóðlegu mati, svonefndu "Bertelsman prófi" sem snýr að samburði á gæðum í stjórnsýslu. Bærinn mælist þar á meðal hæstu sveitarfélaga á Norðurlöndum. Áfram verður unnið að því að auka öryggi og gæði stjórnsýslunnar.



Árni Sigfússon,  
Bæjarstjóri í Reykjanesbæ

heilbrigðisþjónusta á Íslandi sé ekki á vegum sveitarfélaga er mikilvægt að eiga gott samstarf við heilbrigðisþjónustuna eins og hér ríkir.

### SANNGJARNT VERÐ FYRIR ÞJÓNUSTU

Lögð er áhersla á hóflega skattheimtu og þjónustugjöld í Reykjanesbæ. Í samburði við önnur sveitarfélög á landinu er þjónustufjölbreytni með mesta móti en álögð gjöld talsvert undir meðalalagningu.

### ÁHUGASVIÐUM ÍBÚA FULLNÆGT

Frístundahelgin sem haldin verður 21.-22. maí n.k. mun sýna afar vel hversu fjölbreytileg áhugamál Reyknesingar hafa. Það er markmið bæjarfélagsins að skapa íbúnum aðstöðu til fjölbreytilegra frístundaverkefna þótt alltaf hljóti þau að byggja á atorku og hugmyndaauðgi einstaklinganna sjálfra.

### NÆGT LANDRÝMI FYRIR NÝ HEIMILI OG ATVINNU

Með uppbyggingu Iðnaðarsvæðisins í Helgúvík er sköpuð framtíðaraðstaða fyrir fjölbreytt atvinnutækifæri á sviði iðnaðar og þjónustu. Nýtt íbúahverfi í Innri Njarðvík, Tjarnahverfi og fleiri tækifæri í þéttingu byggðar skapa gott svigrúm fyrir nýtt íbúðarhúsnæði.

### STERK EIGNASTAÐA LEYFIR HRAÐA UPPBYGGINGU

Af framangreindu er ljóst að Reykjanesbær á ekki langt í að skora hæstu stig á þessum ellefu kvörðum fyrirmyndarsveitarfélaga. Sú uppbygging sem við sjálfstæðismenn höfum leitt er flestum íbúum hér fagnaðarefni vegna þess að Reykjanesbær og Reyknesingar muanu hagnast á henni.

Sterk eignastaða okkar leyfir að við byggjum hratt og öflugt upp samkvæmt okkar áætlun og í kjölfar hennar fara tekjur sveitarfélagsins að aukast aftur þegar íbúum fjölga. Þetta hefur gerst í Kópavogi, og er nú að gerast í Hafnarfirði. Ég spái því að þar sem við erum búin undir þessa aukningu munum við sjá sömu þróun hér á næstu 5-10 árum.

Auðvitað kalla þessar fjárfestingar á fjárútlát, en Reykjanesbær er í hópi sveitarfélaga sem á mjög vel fyrir skuldum sínum. Ef við berum saman eignir bæjarsjóðs á móti skuldum, sem er mjög raunsær samanburður, sjáum við að hver íbúi á um 267 þúsund krónur umfram skuldir í lok þessa árs. Hafnarfjörður á t.d. um 81 þúsund krónur á íbúa við lok þessa árs en nú eru þessir nágrannar okkar að sjá tekjuaukninguna verða líkt og við munum sjá innan fárra ára.

Með þakklæti fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu ári og óskum um farsælt komandi ár  
Árni Sigfússon, bæjarstjóri



# UPPBÝGGING R

## Spennandi ár framundan

Þegar ég sem íbúi í Reykjanesbæ rifja upp árið 2004 eru nokkur atriði sem mér finnst standa uppúr í bæjarfélaginu okkar. Við þekkjum það öll að verða samdauna



**Viktor B. Kjartansson**  
Formaður Sjálfstæðisfélags Keflavíkur

umhverfi okkar með tímanum og er því gott að ræða við gesti sem sjaldan kom í sveitarfélagið til að minna okkur á þær miklu breytingar sem orðið hafa.

### Hafnargatan

Frá því ég hóf afskipti af stjórnmálum og eflaust lengi þar á undan hafa úrbætur á Hafnargötunni verið ofarlega á loforðalista stjórnmalaflokkkana. Hefur þar iðulega verið lofað stórt en lengi höfum við þurft að bíða eftir efnudum. Fyrir

siðustu kosningar lofaði Sjálfstæðisflokkurinn endurbótum á Hafnargötunni og hefur það loforð nú verið efnit með algjörrri endurbýggingu götunnar. Við sem keyrum Hafnargötuna daglega hættum fljótlega að taka eftir breytingunum og finnst eftir smá tíma að hún hafi alltaf verið svona. Það heyrir best á gömlum Suðurnesjamönnum sem hafa verið lengi erlendis hversu gríðarleg breyting hefur orðið á bæjarfélaginu okkar með þessum framkvæmdum.

### Umhverfisbætur

Mikið hefur verið lagt uppúr öðrum umhverfisbótum í Reykjanesbæ en Hafnargötunni. Má þar fyrst nefna Fitjasvæðið og innkomuna í bæjarfélagið. Eru þetta mjög mikilvægar framkvæmdir fyrir februn bæjarins og forsenda þess að ferðamannaíðnaður geti blómstrað í Reykjanesbæ. Einnig hafa margar smærri aðgerðir sett mikinn svip á bæinn eins og kantsteinalagning og gróðursetning trjáa sem gjörbreytir ástand bæjarins okkar.

### Skólamáli

Þó mikilvægt sé að huga að umhverfi okkar er ekki síður mikilvægt að hlúa að innviðinum og koma þá skólamáli fyrst upp í hugann. Með einsetningu grunnskólans, endurbótum húsnæðis og byggingu nýs skóla í Tjarnarhverfi hefur verið lyft grettistaki í skólamáli á stuttum tíma. Hefur bæjarstjórn okkar sett þennan málaflökk í forgang og til að undirstrika það leiðir hann Fræðsluráð sem fer með skólamáli í bæjarfélaginu. Er nú allur ytri aðbúnaður í mjög góðu horfi og því komið að okkur foreldrum í samráði við starfsmenn skólanna að koma skólunum okkar í fremsta flokk á Íslandi.

### Fjármálin

Þó allir séu sammála um að þau stakkaskipti sem orðið hafa á bænum okkar séu til góðs þá gerast þær raddir sífellt háværari að þú sé að stofna fjárhagsstöðu bæjarins í hættu með þessum miklu framkvæmdum. Eru þessar raddir háværastar úr herbúðum andstæðinga Sjálfstæðisflokksins sem vilja koma höggi á flokkinn með málfutningi sínum. Þegar mikil uppbygging á sér stað á stuttum tíma rjúka fjárfestingar upp en jafna sig svo á árunum þar á eftir þegar minni uppbygging á sér stað. Þetta þekkjum við öll úr heimilsbókhaldinu og vitum það einnig að eftir að við höfum fjárfest mikið þurfum við oft að taka því rólega í nokkurn tíma á eftir á meðan greitt er niður.

Útgefandi: Sjálfstæðisfélag Keflavíkur  
Ábyrgðarmaður: Viktor B. Kjartansson  
Ljósmyndir: Oddgeir Karlsson o.fl.  
Prentvinnsla: Grágás ehf.

## Menning auðgar mannlíf

Sú mikla uppbygging sem átt hefur sér stað á undanförunum árum á menningarsviðinu, hefur ekki farið framhjá neinum. Íbúar í Reykjanesbæ hafa tekið fagnandi þeim listviðburðum sem nú er orðið mögulegt að bjóða íbúum við frábærar aðstæður. Gífurlega mikið starf hefur verið unnið á þessu sviði, svo mikið að hróður sveitarfélagsins hefur borist víða og nú er svo komið að



**Björk Guðjónsdóttir**  
Forseti Bæjarstjórnar Reykjanesbæjar

gestir sækja bæinn heim til að njóta menningar.

Sú ákvörðun að ráða menningarfulltrúa í fullt starf hefur reynst vera mikið gæfuspor fyrir sveitarfélagið. Með því gafst færi á að vinna markvissara að uppbyggingu menningarmála. Hlutverk menningarfulltrúans hefur verið að gera allt menningarlíf sýnilegra og hvetja grasrót listalífsins til frekari dáða og nýrra verka. Það hefur sýnt sig að með starfsmann á þessu sviði sem sinnir öllum þáttum sem þarf að líta til, svo hér þrífist öflugt

menningar- og listalíf hefur skipt sköpum og tekist vel til.

### Mikil gróska

Það skipti einnig miklu máli að samstaða náðist um endurreisn Duushúsa. Það var mikil lyftistöng fyrir allt sýningarhald þegar fyrsta áfanga lauk á vordögum 2002. Jafnframt opnuðust möguleikar fyrir margháttað menningarstarf í húsinu. Duushúsin fengu það hlutverk að verða menningarmiðstöð bæjarins ásamt því að vera með fastar sýningar. Nú eru í húsinu þrjár sýningasalir. Bátafloki Gríms Karssonar er í einum salnum, byggðasafnið er með mjög athyglisverða sýningu í öðrum og í þeim þriðja heldur Listasafn bæjarins hverja stórsýninguna á fætur annarri. Þar hafa auk þess verið haldnir mjög margir frábærir tónleikar við góðar aðstæður á vegum Tónlistarfélags Reykjanesbæjar sem hefur verið endurvakið, við mikinn fögnuð tónlistarunnenda. Nú hefur nýtt félag bæst við, Rythma- og bluesfélag Reykjanesbæjar. En það félag var með fjölsóttu tónleika á Ljósanótt. Gróskan er mikil í menningarlífi bæjarins og aðsókn í Duushús sýnir svo ekki



## Grjót úr Helgvík nýtt í varnar

verður um villst að uppbygging Duushúsa var rétt ákvörðun því íbúar bæjarins og gestir koma í vaxandi mæli í Duushús. Þá hefur menningarviðburðurinn Ljósanótt vaxið með hverju árinu og er nú með stærri viðburðum hérlendis.

Já menningunni hefur svo sannarlega vaxið fiskur um hrygg. Íbúar bæjarins geta verið stoltir af þessari þróun, því nú er svo komið að Reykjanesbær er vel þekktur sem lista- og menningabær. Enn eru miklir möguleikar á þessu sviði sem eflaust eiga eftir að blómstra á næstu árum. Það er fátækt samfélag þar sem ekki dafnar menningarlíf. Menning er nauðsynlegur þáttur í hverju samfélagi og við viljum ýta undir að sú þróun sem átt hefur sér stað á undanförunum árum megi halda áfram að vaxa og dafna íbúum Reykjanesbæjar til ánægju.

Björk Guðjónsdóttir,  
forseti bæjarstjórnar



## Innkoman í Reykjanesbæ hefur tekið stakkaskiptum



## Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins í Reykjanesbæ



**Árni Sigfússon**

Bæjarstjóri í Reykjanesbæ

Formaður Fræðsluráðs

arni.sigfusson  
@reykjanesbaer.is



**Böðvar Jónsson**

Formaður bæjarráðs í Reykjanesbæ

bodvar.jonsson  
@reykjanesbaer.is



**Björk Guðjónsdóttir**

Forseti bæjarstjórnar í Reykjanesbæ

bjork.gudjonsdottir  
@reykjanesbaer.is

# REYKJANESBÆJAR



garða með samningi við ríkið

## Framhaldsskóli - Háskóli

Um síðustu kosningar var undirbúningur hafinn að stækkun Fjölbrautaskóla Suðurnesja og Sjálfstæðismenn lofuðu að kanna rækilega möguleika á að háskóladeildir yrðu staðsettar í Reykjanesbæ. Bæði þessi mál hafa nú fengið framgang. Stækkun Fjölbrautaskólans lauk nú í haust og framkvæmdir eru hafnar við byggingu íþróttakademíu í Reykjanesbæ sem hefja mun kennslu á háskólastigi um haustið 2005 í samvinnu við Háskólann í Reykjavík.

## Þjónustusvæði í þágu eldri borgara

Loforð var gefið um að skipulagt yrði svæði fyrir eldri borgara í Reykjanesbæ þar sem gert yrði ráð fyrir hjúkunarheimili, íbúðum og sérbylum. Slík skipulagning er nú á lokastigum og heilbrigðisráðherra hefur lýst yfir velvilja sínum til þess að hjúkunarheimilið geti tekið til starfa á árinu 2007.

Hér eru aðeins nefnd örfá dæmi úr stefnuskrá flokksins fyrir kosningarnar 2002 sem þegar hafa verið efnd. Mörg önnur mál, bæði stór og smá, hafa fengið framgang eins og uppbygging Hafnargötunnar, menningarmiðstöð ungs fólks sem staðsett er að Hafnargötu 88, hreinsunaráttakverkefni, bæjarhlið, aukinn stuðningur við íþrótt- og tómsundafélög, frágangur við Fitjasvæðið, lok framkvæmda við Íþróttamiðstöð Njarðvíkur, tómsundahelgi, uppbygging DUUS-húsa og margt, margt fleira.

## Verkefni framundan

Nú þegar eru hafnar gríðarlega umfangsmiklar virkjanaf framkvæmdir á Reykjanesi á vegum Hitaveitu Suðurnesja, sem að 40% er í eigu Reykjanesbæjar. Þær framkvæmdir skapa mikla atvinnu og opna fyrir mörg ný tækifæri til atvinnusköpunar til framtíðar. Á næsta ári hefjast jafnframt framkvæmdir við innisundlaug við Sundmiðstöðina við Sunnubraut en hún verður tekin í notkun á fyrri hluta árs 2006.

Kjörtímabilið 2002-2006 mun því einkennast af gríðarlegri uppbyggingu í Reykjanesbæ þar sem grunnur er lagður að góðu og fjölskylduvænu samfélagi sem vonandi skilar okkur auknum fjölda íbúa í náinni framtíð.

Böðvar Jónsson,  
formaður bæjarráðs Reykjanesbæjar og  
varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi



Endurreisn Hafnargötunnar

## Fjárfest til framtíðar

Nú er kjörtímabil sveitarstjórnar rúmlega hálfnað og um næstu jól verða vangaveltur um framboð og væntanlega frambjóðendur komnar í hárnæli. Margt hefur áunnist á þessu kjörtímabili og hefur meirihluti Sjálfstæðismanna stýrt flestum þeim loforðum sem gefin voru fyrir síðustu kosningar í heimahöfn eftir árangursríka siglingu. Nauðsynlegt er að rifja upp nokkur af þeim verkefnum sem tekist hefur að koma í framkvæmd.

## Frístundarskólinn

Eitt af stærstu kosningaloforðum Sjálfstæðismanna fyrir síðustu kosningar var að koma á fót Frístundarskóla fyrir öll börn á aldrinum 6-10 ára í þeim tilgangi

að búa til heilsteypnan skólalag þar sem heimanám, frístundir og íþróttir mynduðu eina samstæða heild að skóladegi loknum. Með þessum hætti er vinnudegi barnanna lokið þegar foreldrar koma sjálfir heim úr vinnu, seinni part dags.

Frístundarskólinn er nú búinn að vera starfandi í rúmt ár og hefur vakið verðskuldaða athygli fjölmargra sveitarstjórnarmanna og foreldra um allt land og er fyrirmynd hugmynda um sambærilega þjónustu í öðrum sveitarfélögum.

## Nýr grunnskóli - nýtt hverfi

Sjálfstæðismenn lofuðu að hafinn yrði undirbúningur að nýjum grunnskóla í Njarðvíkurhverfi ásamt nýbyggingarsvæðum þar. Verkefnið er komið mun lengra en vonir stóðu til um en skólinn mun hefja starfsemi á haustdögum 2005. Nýtt íbúðahverfi hefur verið skipulagt í kringum hinn nýja skóla en þar verða um 550 íbúðir. Gatnagerð er langt komin og framkvæmdir við fyrstu húsin hófust nú í haust. Spennandi verður að fylgjast með þessu nýja og glæsilega hverfi byggjast upp á næstu árum.



Uppbygging iðnaða- og hafnaraðstöðu í Helguvík

Þínir fulltrúar í bæjarstjórn

Steinþór Jónsson

Formaður  
Umhverfis- og  
skipulagsráðs

steinthor.jonsson  
@reykjanesbaer.is

Þorsteinn Erlingsson

Formaður  
Atvinnu- og hafnarráðs

thorsteinn.erlingsson  
@reykjanesbaer.is

Sigríður Jóna  
Jóhannsdóttir

Bæjarfulltrúi

sigridur.j.johannsdottir  
@reykjanesbaer.is



# Ungt fólk í Reykjanesbæ þarf ekki að hafa áhyggjur

Málgagn Framsóknarmanna á Suðurnesjum og Bæjarmál Samfylkingarinnar hefur verið gefið út eins og tíðkast hjá þessum stjórnmalaflokkum fyrir hver jól. Í þessum ágætu



Árni Arnason  
Formaður Heimis,  
félags ungra  
sjálfstæðismanna

blöðum var sumt sem stakk mig meira en annað og sumt af því var byggt að slíkri vanþekkingu að vert er að skoða betur.

Brynja Lind Sævarsdóttir vinkona mín lýsir yfir áfalli sínu hvað varðar fjármál Reykjanesbæjar. Hún gleymir þó að líta á þá liði og ástæður þess sem valda því að fjárhagsáætlun fyrir árið stóðst því miður ekki. Hún minnst ekkert á þá fjárhagslegu ábyrgð sjálfstæðismanna að taka inn lífeyrisskuldbindingar upp á 350 milljónir og hefur Reykjanesbær því á þremur árum tekið á sig einn milljarð hvað lífeyrisskuldbindingar varðar. Mörg sveitarfélög yta þessum skuldum á undan sér og hafa ekki tekið á þessum dýra kostnaðarlið sveitarfélaga og hafa því sýnt almenningi ranga stöðu við uppgjör ársreikninga. Þetta er góð framtíðarsýn því Reykjanesbær hefur ákveðið að gabba ekki íbúanna með því að yta boltanum á undan sér. Það var tekið á málinu með mikilli

festu og ábyrgð.

Annar liður sem Brynju ljáðist að nefna í grein sinni er kostnaður við framkvæmdir á nýju Tjarnahverfi. Framkvæmdir hófust á árinu og voru lóðir auglýstar. Aðsóknin fór fram úr björtustu vonum manna og ákafi byggingarfyrirtækja og einstaklinga var það mikill að ákveðið var að hraða framkvæmdum og fór þessi liður í 243,8 milljónir og mun skila sér að stórum hluta til baka. Þess má líka geta að þessi mikli áhugi færði kostnaðinn aðeins á milli ára, en hafði í för með sér mun hraðari uppbyggingu hverfisins sem er mjög jákvætt þar sem kennsla hefst í nýjum grunnskóla á næsta hausti. Annað sem virtist gleymast hjá Brynju er eignarstaða Reykjanesbæjar eftir skuldir sem er 267 þúsund á hvern íbúa, en í Hafnarfirði 81 þúsund á íbúa.

Uppsagnir hjá meðal annars Varnarliðinu ollu því að útsvarstekjur voru 76 milljónum lægri en gert var ráð fyrir og launakostnaður hækkaði um 50 milljónir vegna óviðráðanlegra aðstæðna. Brynja talar um að velja ábyrgðinni yfir á komandi kynslóðir og tekur dæmi um einstakling sem hefur 200 þúsund í laun og geti því ekki leyft sér að eyða 260. þúsund. Þar er ég sammála henni nema hvað, að ekki er hægt að bera saman rekstur heimila og sveitarfélaga, það sjá allir. Kröfur samfélagsins til sveitarfélaga eru miklar, við viljum góða skóla fyrir börn okkar, öflugt íþrótt- og tólmstundustarf, við viljum betri vegi, gerum miklar kröfur í öldrunarmálum og svo framvegis. Þá eru líka lagasetningar bæði frá alþingi og Evrópusambandinu sem sveitarfélög

þurfa að fara eftir. Í Reykjanesbæ eru allir skólar einsetnir og allur aðbúnaður til fyrirmyndar. Sama má segja um leikskóla og íþróttamiðstöðvar. Reykjanesbær er í forystu hvað þessi mál varðar og ef það er ekki vænlegt fyrir ungt fólk hvað gerir það þá?

Í Bæjarmálum er komið inn á tillögu Samfylkingarinnar í bæjarráði um að hækka álagningarprósentuna í botn líkt og samþykkt hefur verið í Reykjavíkurborg. Samfylkingin lítur svo á að almenningur skuli skattþyngja ennfrekar og um leið taka þá skattalækkun sem tekur gildi um áramót. Sjálfstæðismenn líta svo á að almenningur hafi nóg með sig og eigi að njóta þeirra skattalækkanna sem ríkistjórnin hefur boðað til. Ábyrg fjármálastjórnun er að taka rekstur Reykjanesbæjar fastari tókum og að þeir pólitísku fulltrúar sem kjörnir eru af almenningi vinni frekar úr málunum án þess að láta það bitna á almenningi. Mikið framkvæmdaskeið hefur ríkt í Reykjanesbæ, enda hefur bærinn okkar aldrei verið jafn aðlagandi, aldrei hefur þjónustan verið eins góð og aldrei hefur Reykjanesbær verið eins góður kostur til að setjast hér að. Það er leiðilegt að vera í minnihluta, ég þekki það af eigin raun, en stjórnmalaflokkar sem örsjaldan komast til valda hljóta að þurfa að líta í eigin barm og velja stöðu sinni fyrir sér og taka upp málefnalegri vinnubrögð ef ná á árangri.

Árni Arnason  
Formaður Heimis, félag ungra sjálfstæðismanna í  
Reykjanesbæ

## Óskum Suðurnesjamönnum farsældar á nýju ári og þökkum ánægjuleg samskipti á liðnu ári

Sparisjóðurinn í Keflavík  
Íslandsbanki  
Hitaveita Suðurnesja  
Nesprýði  
Eignamiðlun Suðurnesja  
Hótel Keflavík  
Lífeyrissjóður Suðurnesja  
Tryggingamiðstöðin  
Saltver  
Grágás

